

Mánudaginn 28. október 1985.

Nr. 118/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)  
gegn

**Sigurði Markúsi Sigurðssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Hylming. Hegningarauki. Skaðabótakröfu vísað frá héraðsdómi. Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur ómerkt og vísað frá héraðsdómi.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Málinu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 17. apríl 1985, en jafnframt krefst ákærvald þess, að refsing ákærða verði þyngd. Meðákærða í héraði vildi una héraðsdómi, og var málinu ekki áfrýjað að því er hana varðar.

Af ákærvaldsins hálfu er þess krafist, að héraðsdómur verði staðfestur, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd, svo og að ákærði verði dæmdur til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin hæfileg saksóknarlaun í ríkissjóð.

Af ákærða hálfu er þess krafist aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að ákærði verði sýknaður af kröfum ákærvaldsins og til þrautavara að hann hljóti vægustu refsingu, sem lög leyfa, og honum aðeins dæmdur hegningarauki.

Fallast má á niðurstöðu héraðsdómara um, að gallar á lýsingu ætlaðra brota í ákæru eigi af ástæðum, sem í héraðsdómi eru greindar, ekki að valda frávisun ákærunnar frá héraðsdómi.

Í héraðsdómi segir, að brot þau, sem fjallað er um í dómnum, séu framin áður en refsidómar yfir honum frá 6. september 1983 og 20. desember 1983 voru kveðnir upp. Þetta er ekki rétt að því er varðar dóminn frá 6. september 1983. Þá er dómurinn frá 20. desember kveðinn upp 20. desember 1984 en ekki 1983. Brot þau, sem dæmt er um í þessu máli, voru framin eftir 6. september 1983. Verður reglum 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 því ekki beitt í þessu máli að því er dóminn frá 6. september 1983 varðar.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta sakarmat hans, heimfærslu til refsíákvæða og ákvæði dómsins um greiðslu sakarkostnaðar. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var sýknukrafa af bótakröfu þeirri í ákæru, sem dæmt var um í héraði, rökstudd með því, að tjónþoli hafi einungis gert bótakröfu á hendur útgefanda tékkanna tveggja, sem greitt var með í versluninni Ó. J. leður og rúskinn. Verður að fallast á það með ákærða, og ber því að ómerkja héraðsdóm að þessu leyti og vísa þessari kröfu ákæruvalds frá héraðsdómi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti.

Það athugast, að héraðsdómari hefði samkvæmt ákvæðum 145. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 átt að gefa meiri gaum að bótakröfum í málinu og leiðbeina um þær, þannig að ekki hefði þurft til þess að koma, að öllum bótakröfum að því er þennan ákærða varðar er vísað frá héraðsdómi.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Markús Sigurðsson, sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur að því er þennan ákærða varðar skal ómerkt, og er skaðabótakröfu þeirri, sem dæmt var um í héraði, vísað frá héraðsdómi að því er ákærða, Sigurð Markús, varðar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. mars 1985.**

Ár 1985, þriðjudaginn 26. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur, settum saka-dómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 188-189/1985: Ákæru-valdið gegn M og Sigurði Markúsi Sigurðssyni, sem tekið var til dóms í dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dagsettri 7. febrúar 1985 gegn M og Sigurði Markúsi Sigurðssyni, nú refsifanga, Urðarstíg 7, Reykjavík, fæddum 22. júlí 1961 í Reykjavík, „fyrir eftirgreind brot gegn almennum hegningar-lögum:

— — —

**II.**

Ákærðu er báðum gefin að sök tékkasvik, ákærðu M fyrir að hafa, hinn 8. september 1983, gefið út í eigin nafni til handhafa eftirgreinda 22 tékka samtals að fjárhæð kr. 131.300 á tékkareikning sinn nr. 79294 við aðal-banka Samvinnubankans, en reikninginn stofnaði hún daginn áður að með-ákærða Sigurði Markúsi viðstöddum, og notað þá í viðskiptum án þess að næg innistæða væri fyrir hendi, ávallt að viðstöddum meðákærða Sigurði Markúsi sem vissi að næg innistæða var ekki fyrir tékkunum á reikn-ingi hennar og naut andvirðisins ásamt henni.

- 1) Tékki nr. 1794666, að fjárhæð kr. 16.500. Notaður til fatakaupa í versluninni Viktoríu í Reykjavík.
- 2) Tékki nr. 1794667, að fjárhæð kr. 2.000. Framseldur af FIBER h.f.
- 3) Tékki nr. 1794669, að fjárhæð kr. 2.800. Framseldur f.h. Nausts h.f.
- 4) Tékki nr. 1794668, að fjárhæð kr. 8.000. Seldur í versluninni Leður og rúskinn, Laugavegi 92, Reykjavík.
- 5) Tékki nr. 1794652, að fjárhæð kr. 5.000. Seldur í versluninni Leður og rúskinn.
- 6) Tékki nr. 1794662, að fjárhæð kr. 6.000. Seldur í Sparisjóði Hafnar-fjarðar.
- 7) Tékki nr. 1794665, að fjárhæð kr. 6.000. Seldur í Sparisjóði Hafnar-fjarðar.
- 8) Tékki nr. 1794657, að fjárhæð kr. 6.000. Seldur í Útvegsbanka Ís-lands, Digranesvegi 5 í Kópavogi.
- 9) Tékki nr. 1794661, að fjárhæð kr. 6.000. Seldur í Samvinnubankan-um í Bankastræti í Reykjavík.
- 10) Tékki nr. 1794653, að fjárhæð kr. 5.000. Seldur í Samvinnubankan-um við Suðurlandsbraut í Reykjavík.
- 11) Tékki nr. 1794670, að fjárhæð kr. 6.000. Dagsettur 9. september.

Framseldur af Kristgeiri Hákonarsyni.

12) Tékki nr. 1794674, að fjárhæð kr. 5.000. Dagsettur 9. september. Framseldur af Halldóri Lárusi Péturssyni. Ákærða M notaði tékkann til greiðslu á skuld við ofangreindan Halldór Lárus.

13) Tékki nr. 1794656, að fjárhæð kr. 6.000. Seldur í Sparisjóði Kópavogs.

14) Tékki nr. 1794658, að fjárhæð kr. 6.000. Seldur í Sparisjóði Kópavogs.

15) Tékki nr. 1794671, að fjárhæð kr. 5.000. Framseldur af Sívari St. Sigurðssyni. Seldur í einni bensinstöð Oliufélagsins h.f. í Reykjavík.

16) Tékki nr. 1794663, að fjárhæð kr. 6.000. Seldur í Iðnaðarbankanum í Hafnarfirði.

17) Tékki nr. 1794660, að fjárhæð kr. 6.000. Seldur í Iðnaðarbankanum í Garðakaupstað.

18) Tékki nr. 1794654, að fjárhæð kr. 5.000. Seldur í útibúi Iðnaðarbankans í Breiðholti í Reykjavík.

19) Tékki nr. 1794659, að fjárhæð kr. 6.000. Seldur í Búnaðarbanka Íslands í Garðakaupstað.

20) Tékki nr. 1794672, að fjárhæð kr. 6.000. Framseldur af Sívari St. Sigurðssyni.

21) Tékki nr. 1794655, að fjárhæð kr. 5.000. Seldur í útibúi Útvegsbankans að Smiðjuvegi 1 í Kópavogi.

22) Tékki nr. 1794664, að fjárhæð kr. 6.000. Seldur í Útvegsbankanum í Hafnarfirði.

Telst framangreint atferli ákærðu varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en atferli ákærða Sigurðar Markúsar jafnframt til vara við 254. gr. sömu laga. Þá telst meðferð ákærðu Matthildar á tékka nr. 1794674 varða við 73. gr. tékkalaga nr. 94, 1933 sbr. lög nr. 35, 1977.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

*Málavextir eru þessir:*

— — —

## II.

Miðvikudaginn 7. september 1983 stofnaði ákærða M ávísanareikning nr. 79294 við Samvinnubanka Íslands. Með henni var bróðir hennar, H. Ákærða sótti ávísanaheftið daginn eftir og lagði þá kr. 6.000 inn á heftið. Peninga þessa fékk ákærða til baka, er hún seldi tékkana þrjá, sem greint er frá hér að framan.

Sama dag útfyllti ákærða og notaði 22 tékka, samtals að fjárhæð kr. 131.300, úr tékkhefti þessu. Ritaði hún nafn sitt undir alla tékkana. Hún seldi 13 tékka ýmsum bönkum og sparisjóðum, tvo tékka afhenti hún Sívari Sturlu Sigurðssyni, annan sem greiðslu fyrir akstur (nr. 1794672), en hinn framseldi og seldi Sívar Sturla fyrir bensíni (nr. 1794671). Tékka nr. 1794674 notaði ákærða til greiðslu á skuld við Halldór Lárus Pétursson, sem framseldi tékkann og seldi í Samvinnubankanum við Suðurlandsbraut. Halldóri kvaðst ekki hafa verið kunnugt um (sic), að ekki væri til innistæða fyrir tékkanum. Hann er ekki ákærður í máli þessu.

Ákærða hitti meðákærða Sigurð Markús að kvöldi þess dags, sem hún lagði inn beiðnina um ávísanaheftið. Daginn eftir ók Sívar Sturla, bróðir ákærða Sigurðar Markúsar, ákærðu á þá staði, sem hún seldi alla framan-greinda tékka. Var meðákærði farþegi í bifreiðinni. Sívar Sturla og ákærði Sigurður Markús biðu í bifreiðinni, á meðan ákærða seldi tékkana að undanskildum tékkunum í lið 4 og 5, en ákærða keypti fyrir þá leðurfatnað á ákærða í versluninni Leður og rúskinn, og fór meðákærði með henni inn í verslunina.

Ákærða M hefur borið, að hún hafi keypt farmiða til Kaupmannahafnar fyrir þau Sigurð Markús, er hún hafði selt tékka þá, sem hún fékk skipt í hinum ýmsu bönkum og sparisjóðum. Auk þess hafi hún keypt fyrir þau gjaldeyri. Hún hafi stofnað tékkareikninginn í þeim tilgangi að komast til Kaupmannahafnar og hafi meðákærða verið það ljóst. Meðákærði og Sívar Sturla hafi ekki vitað betur en allt væri í lagi með reikninginn, en meðákærða hafi þó mátt vera ljóst, að hún ætti ekki svo mikið fé inni á reikningnum. Meðákærði hafi einnig fengið hluta af þeim eiturfjum, sem hún keypti í Kaupmannahöfn, svo og af gjaldeyrinum, en hversu mikilli upp-hæð sá hluti nam, sem kom í hlut ákærða, vissi hún ekki.

Ákærði Sigurður Markús kvaðst hafa hitt meðákærðu kvöldið áður en hún fékk tékkheftið. Þá hefði hún verið með talsverða peninga, sem hún ætlaði að nota til að stofna tékkareikning. Daginn eftir fóru þau í bæinn, og náði ákærða í heftið. Skammt frá bankanum hittu þau Sívar Sturlu, og varð það úr að hann tók að sér að aka þeim víðsvegar um borgina og nágrenni til að selja tékkana, og var farið í banka, sparisjóði og verslanir. Ákærði kvaðst hvorki hafa útfyllt né selt tékka þessa, en farið með meðákærðu inn í eina verslun. Þar hafi verið keyptur leðurfatnaður, buxur og jakki, sem hann fékk, en skildi eftir í Kaupmannahöfn. Ákærði kvaðst hafa notið góðs af þeim peningum, sem fengust fyrir tékkana, m.a. hafi meðákærða keypt fyrir sig farseðil og hann hafi fengið eitthvað af gjaldeyri, en þó ekki mikið.

Við yfirheyrslu hjá RLR þann 3. október 1983 er haft eftir ákærða, að honum hafi verið það ljóst, að meðákærða hafi ekki átt fyrir þessum ávís-

unum, sem hún gaf út, en taldi þetta vera í lagi, þar sem hún notaði sinn reikning og ekki var um fölsun að ræða. Að beiðni ríkissaksóknara var ákærði yfirheyrður á ný hjá RLR þann 17. júlí sl. Hann kvaðst ekki hafa vitað, hvernig M ætlaði að fjármagna ferð þá, sem hún bauð honum í til Kaupmannahafnar, hann hafi ekkert hugsað út í það. Daginn eftir að hún bauð honum í ferðina stofnaði hún reikninginn og hafi honum mátt vera ljóst, að hún ætti ekki mikið af peningum. Hann hafi hins vegar ekkert verið að hugsa út í þetta. Honum kvaðst hafa verið ljóst (sic), að ekki voru til peningar inni á hefti M fyrir öllu því, sem hún gaf út. Taldi hann þetta ekki vera sitt mál. Honum hafi aðeins verið boðið til Kaupmannahafnar og hann ekki neitað því. Þau meðákærða hafi orðið viðskila daginn eftir að þau komu til Kaupmannahafnar, og var hann þá aðeins með 50 krónur á sér. Taldi hann því, að hann hefði ekki fengið mikið af því fé, sem meðákærða fékk fyrir tékkana.

Ákærði bar á sama veg fyrir dómi að öðru leyti en því, að hann sagði, að þá fyrst, er þau keyptu farseðlana til Kaupmannahafnar, hafi hann grunað, að meðákærða hafi ekki átt innistæðu fyrir öllum þeim tékkum, sem hún hafði þá verið búin að selja.

Sívar Sturla hefur kannast við, að hann hafi ekið ákærðu M og Sigurði Markúsi umrætt sinn á þá staði, sem tékkarnir voru seldir. M hafi farið ein inn og selt tékkana. Hún hefði sýnt honum, að hún væri eigandi að tékkhefti, sem hún hefði lagt peninga inn á, og væri hún nú að taka þá út. Þótti honum undarlegt, hversu marga banka hún fór í. Því hefði hann losað sig við þau ákærðu. Hann kvaðst ekkert hafa fengið af þeim peningum, sem M fékk, en hún hafi borgað honum fyrir aksturinn með einni þessara ávísana og hann hafi framselt einn tékka, sem ákærða gaf út og keypt var bensín fyrir á bifreiðina.

#### *Niðurstöður.*

Með játningu ákærðu M, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að hún hafi gefið út í eigin nafni alla þá 22 tékka, sem að framan greinir, enda þótt hún vissi, að ekki væri fyrir hendi innistæða fyrir þeim. Varðar þessi háttsemi hennar við 248. gr. alm. hegningarlaga að því undanskildu, að meðferð hennar á tékka nr. 1794674, sem getið er í 12. lið þessa kafla ákæru, varðar við 73. gr. tékkalaga nr. 94/1933, sbr. l. nr. 35/1977.

Verjandi ákærða Sigurðar Markúsar hefur fyrir hans hönd aðallega krafist frávísunar, en til vara, að ákærði verði sýknaður, og til þautavara, að honum verði dæmd vægasta refsing, sem lög leyfa.

Kröfu sína um frávísun byggir verjandinn á því, að verknaðarlýsingin í II. kafla ákærunnar sé alröng að því er varðar þátt ákærða Sigurðar Markúsar í málinu, þar eð ákærði hafi ekki verið viðstaddur, þá er með-

ákærða M stofnaði umræddan tékkareikning sinn, ákærði hafi heldur ekki verið viðstaddur, er meðákærða notaði tékkana, og hann hafi ekki vitað, að næg innistæða var ekki fyrir hendi á reikningi hennar, svo sem rakið er í þessum kafla ákæru.

Þrátt fyrir að sú fullyrðing í ofangreindri verknaðarlýsingu ákæru, að ákærði hafi verið viðstaddur, þegar meðákærða stofnaði margumræddan tékkareikning, eigi ekki við rök að styðjast og þar sé fullyrzt, að ákærði hafi ávallt verið viðstaddur sölu tékkanna og vitað, að ekki hafi verið til fyrir þeim innistæða, þykja ekki efni til að taka frávisunarkröfu verjanda ákærða til greina, enda var þáttur ákærða í málinu, þá er ákæra var gefin út, ekki með öllu ljós. Þykir lýsing á broti ákærða, eins og á stóð, fullnægja kröfum 115. gr. 1. nr. 74/1974, sbr. 19. gr. 1. nr. 107/1976, enda ákæran reist á rannsóknum, sem fullnægðu skilyrðum laga til málshöfðunar.

Ákærði Sigurður Markús fór með meðákærðu M inn í verslunina Ó.J. leður og rúskinn, Laugavegi 92, R., þar sem ákærða seldi tvo tékka, samtals að fjárhæð kr. 13.000, og var mestmegnið af andvirði tékkanna varið þar til kaupa á leðurfatnaði á ákærða Sigurð Markús, en einnig keypti ákærða M þar leðurjakka á sig. Ákærða Sigurði Markúsi mátti vera það ljóst, eins og í pottinn var búið, að ekki var fyrir hendi næg innistæða á tékkareikningi meðákærðu fyrir ofangreindum tékkum. Þykir þessi háttsemi hans varða við 248. gr. alm. hegningarlaga.

Ekki þykir hins vegar alveg nægilega í ljós leitt, að ákærði Sigurður Markús hafi vitað eða mátt vita, að ekki var fyrir hendi næg innistæða á ávísanareikningi meðákærðu M við notkun hennar á öðrum þeim tékkum, sem hún seldi, enda þótt hann hefði mátt renna grun í það, þar sem ákærða fór á svo marga staði til að fá tékkunum skipt. Ákærði var ekki viðstaddur sölu þeirra tékka, þrátt fyrir að hann biði hennar í bifreiðinni, og óljóst er af gögnum málsins, hvort honum var þá kunnugt um, hversu mikla peninga ákærða fékk við sölu tékkanna. Hins vegar þykir í ljós leitt, ef litið er til framburðar ákærða, að honum hafi verið þetta ljóst, þá er þau ákærðu keyptu farmiðana til Kaupmannahafnar, en þá hafði ákærða selt alla tékkana. Ákærði naut góðs af þeim peningum, sem fengust fyrir tékka þá, sem meðákærða seldi, þótt ekki sé ljóst, hve mikið kom í hans hlut. Þykir hann með því hafa gerst sekur um brot gegn 254. gr. alm. hegningarlaga.

#### *Viðurlög.*

Samkvæmt sakavottorði ákærða Sigurðar Markúsar hefur hann á árunum 1976-1984 sætt eftirtöldum refsingum:

Hann hefur tvívegis gengist undir dómsátt vegna ölvunar á almannafæri

(árin 1976 og 1977) og einu sinni fyrir fíkniefnabrot. Þá var hann árið 1977 einnig uppvís að skjalafalsi og þjófnaði, en ákæru frestað skb. í 2 ár frá 7. janúar það ár. Frá árinu 1979 hefur hann 12 sinnum verið dæmdur, samtals í 41 mánuð og 15 daga, en þar af 3 mánuði skilorðsbundna, fyrir skjalafals, þjófnaði, nytjastuld, gripdeild og líkamsárás (217. gr.), nú síðast þann 20. desember sl. í 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað. Í tíu af framangreindum dómum var ákærði sakfelldur fyrir þjófnað.

Brot ákærða Sigurðar Markúsar, sem fjallað er um í dómi þessum, eru framin áður en refsíðómar yfir honum frá 6. september 1983 og 20. desember 1983 (sic) voru upp kveðnir, en með þeim fyrra var ákærði dæmdur í 45 daga fangelsi fyrir þjófnað, en þeim síðara í 6 mánaða fangelsi fyrir sama brot. Þá gekkst ákærði ennfremur undir dómsátt þann 3. október 1983 með 3.500 kr. sekt vegna fíkniefnabrots, og eru brot ákærða nú því ennfremur hegningarauki við þá dómsátt. Ber því nú að ákveða ákærða hegningarauka skv. 78. gr. alm. hegningarlaga, sem þykir hæfilega ákveðinn með hlíðsjón af 72. gr. og 255. gr. alm. hegningarlaga 2 mánaða fangelsi.

Eftirgreindir aðiljar hafa lagt fram skaðabætur (sic) í málinu sem hér segir:

Verslunin Strætið, Hafnarstræti, R., kr. 6.000.

Fitjanesti, Njarðvík, kr. 1.500 ásamt áföllnum kostnaði og hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá 5. september 1983 til greiðsludags.

Verslunin Georg, Austurstræti 8, R., kr. 1.000.

Verslunin Ó.J., Laugavegi 92, R., kr. 12.000.

Sparisjóður Hafnarfjarðar kr. 12.000 ásamt áföllnum kostnaði.

Útvegsbanki Íslands kr. 6.000 ásamt 5% dráttarvöxtum á mánuði frá 12. september til væntanlegs greiðsludags og kr. 11.000 með 5% dráttarvöxtum frá 8. september 1983 til 21. október s.ár, en með 4,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., en með 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og innheimtulaun skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Sparisjóður Kópavogs og nágrennis kr. 12.000 auk dráttarvaxta og lögmannskostnaðar.

Olíufélagið kr. 5.000 ásamt áföllnum vöxtum.

Iðnaðarbanki Íslands h.f. kr. 17.000 ásamt dómvöxtum frá 8. september 1983 til greiðsludags.

Búnaðarbanki Íslands kr. 12.000 ásamt dómvöxtum frá 9. september 1983 til greiðsludags.

Ákærða M hefur samþykkt allar framkomnar skaðabótakröfur, en ákærði Sigurður Markús hefur mótmælt þeim.

Þá þykir rétt þrátt fyrir neitun Sigurðar Markúsar að dæma hann ásamt meðákærðu M til að greiða in solidum ofangreinda skaðabótakröfu versl-

unarinnar Ó.J. leður og rúskinn að fjárhæð kr. 12.000, enda hefur ekkert komið fram í málinu, sem gerir hana varhugaverða. Þar sem hagnaður ákærða af sölu annarra tékka er óljós, verður öðrum skaðabótakröfum á hendur honum vísað frá.

Svo sem að framan er rakið, hefur ákærða M samþykkt allar framkomnar skaðabótakröfur, sem eru réttmætar, og ber að taka höfuðstól þeirra til greina og dæma ákærðu til að greiða hann ásamt vöxtum, sem hér segir: Fitjanesti ásamt dómvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 5. september 1983 til greiðsludags. Versluninni Georg ásamt dómvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá sýningardegi tékkans 6. september 1983 til greiðsludags. Útvegsbanka Íslands samtals kr. 11.000 ásamt dómvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, af kr. 6.000 frá 12. september 1983 til greiðsludags og af kr. 5.000 frá 8. september 1983 til greiðsludags. Kröfu Útvegsbankans um skaðabætur vegna tékka nr. 1794664 að fjárhæð kr. 6.000 er vísað frá, enda liggur frammi í málinu afrit áskorunarstefnu varðandi tékka þennan. Kröfu Útvegsbanka Íslands um innheimtulaun er vísað frá, þar sem krafan er höfð uppi í opinberu máli, sbr. 145. gr. 1. nr. 74/1974. Sparisjóði Kópavogs ásamt dómvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá kröfugerðardegi, 23. september 1983 til greiðsludags. Kröfu Sparisjóðs Kópavogs um lögmannskostnað er vísað frá, sbr. 145. gr. 1. nr. 74/1974. Oliufélaginu ásamt dómvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá kröfugerðardegi 27. september 1983 til greiðsludags. Iðnaðarbanka Íslands ásamt dómvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 8. sept. 1983 til greiðsludags. Búnaðarbanka Íslands ásamt dómvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 9. september 1983 til greiðsludags. Kröfu Sparisjóðs Hafnarfjarðar um áfallinn kostnað er vísað frá, enda er engin grein fyrir því gerð, hver kostnaðurinn er.

Ákærði Sigurður Markús er dæmdur til að greiða skipuðum verjanda sínum, Hilmarí Ingimundarsyni hrl., kr. 8.000 í málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað eru ákærðu dæmd til að greiða in solidum.

#### D ó m s o r ð:

Ákærða M sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Sigurður Markús Sigurðsson sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákærðu M og Sigurður Markús greiði Versluninni Ó.J. leður og rúskinn, Laugavegi 92, Reykjavík, in solidum kr. 12.000.

Ákærði Sigurður Markús greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmarí Ingimundarsyni hrl., kr. 8.000 í málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.